

Miðvikudaginn 24. marz 1954.

Nr. 168/1951. **Hólmfríður Jónsdóttir** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Skúla Benjamínssyni (Theodór B. Línal)

og

Einari Haraldssyni (Lárus Jóhannesson)

og

Skúli Benjamínsson

gegn

Hólmfríði Jónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1951 og gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi, Skúli Benjamínsson, og stefndi, Einar Haraldsson, verði in solidum dæmdir til þess að greiða henni kr. 3.500,00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, Skúli Benjamínsson, hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 28. ágúst 1952 áfrýjað málinu með stefnu 3. september 1952. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, Einar Haraldsson, krefst sýknu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi lánaði gagnáfrýjanda, Skúla, kú þá, er í málinu greinir, frá því í október 1949 til vorsins 1950. Gagnáfrýjandi afhenti kúna að aðaláfrýjanda fornspurðri stefnda, Einari Haraldssyni, bónda á Miðgili í Engihlíðarhreppi, síðast í desember 1949, og flutti Einar hana heim til sín, þótt hann vissi eða mætti vita um heimildarleysi gagnáfrýjanda,

Skúla, til ráðstöfunar á henni. Er kýrin var komin að Miðgili, varð hún ekki að lögum flutt aftur vestur yfir Blöndu, sbr. lög nr. 75/1941, lög nr. 44/1947 og lög nr. 47/1950 svo og reglugerð nr. 78/1946. Ekki er sannað, að samningar hafi tekizt með aðiljum hinn 17. maí 1950 um, að þeir Skúli og Einar keyptu kúna. Í nóvember s. á. vildi stefndi, Einar, skila aðaláfrýjanda kúnni, en hún neitaði að taka við henni. Var kýrin síðan hjá Einari til vorsins 1951. Var þá sent með hana á bifreið til aðaláfrýjanda að Undirfelli, en hún neitaði enn að taka við henni. Gagnáfrýjandi, Skúli, vildi ekki heldur þá taka við henni. Auglýsti sýslumaður kúna því næst til sölu á uppboði. Fór það uppboð fram hinn 6. júní 1951, og seldist kýrin á kr. 2.000,00. Var andvirðið lagt inn á sparisjóð Húnavatnssýslu til geymslu.

Svo sem áður var sagt, urðu gagnáfrýjandi, Skúli, og stefndi, Einar, ásáttir um að flytja kúna austur yfir Blöndu að aðaláfrýjanda fornspurðri, og mátti aðaláfrýjandi hvorki að lögum fara með kúna aftur vestur yfir Blöndu né taka við henni og hafa hennar not að búi sínu á Undirfelli. Þeir gagnáfrýjandi, Skúli, og stefndi, Einar, drýgðu með greindum aðgerðum sínum réttarbrott gegn aðaláfrýjanda, og ber þeim að bæta henni allan skaða, sem hún hefur af því hlotið. Aðaláfrýjandi krefst kr. 3.500,00 bóta fyrir kúna. Ósannað er, að krafa þessi sé ósanngjörn, enda er sennilegt, að tjón aðaláfrýjanda sé mun meira heldur en nemur þeirri fjárhæð, sem fékkst fyrir kúna á uppboði vorið 1951. Í bréfi sínu til stefnda, Einars, dags. 2. október 1950, krafðist umboðsmaður aðaláfrýjanda 6% ársvaxta af bótafénu frá 17. maí 1950, og getur hann því ekki í málinu krafizt vaxta frá fyrri tíma.

Samkvæmt framanrituðu ber því að dæma þá gagnáfrýjanda, Skúla, og stefnda, Einar, til þess að greiða aðaláfrýjanda in solidum kr. 3.500,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. maí 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3.700,00, enda er kostnaður aðaláfrýjanda af málinu mikill.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Skúli Benjamínsson, og stefndi, Einar

Haraldsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Hólmfríði Jónsdóttur, kr. 3.500,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. maí 1950 til greiðsludags og kr. 3.700,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 24. október 1951.

Mál þetta, sem er þingfest 6. júní þ. á. og tekið til dóms 17. þ. m., er höfðað með stefnu, út gefinni 25. maí þ. á., af Hólmfríði Jónsdóttur, búanda að Undirfelli í Áshreppi, gegn Skúla Benjamínssyni, áður járnsmið, nú tómthúsmanni á Blönduósi, og Einari Haraldssyni, bónda að Miðgili í Engihlíðarhreppi, til greiðslu in solidum á kr. 3.500,00 fyrir kú, er stefnandi lánaði stefndum Skúla Benjamínssyni í október 1949 og eigi varð skilað aftur, ásamt 6% ársvöxtum af kröfuupphæðinni frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Báðir hinir stefndu krefjast sýknu í málinu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar samkv. mati dómarans, Skúli Benjamínsson með þeim rökum, að þar sem stefnandi telji sig hafa selt stefndum Einari Haraldssyni kúna, komi málið sér ekki lengur við. Einar Haraldsson telur sig hins vegar aðeins hafa tekið kúna af Skúla í greiðaskyni til að firra hann vandræðum og alls ekki keypt hana síðar af eiganda hennar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skjölum málsins og bókunum virðast málsatvik vera þessi:

Í október 1949 lánar stefnandi, sem þá er að flytjast til Reykjavíkur, stefndum Skúla Benjamínssyni snemmbæra kú til næsta vors leigulaust. Í desember sama ár kemur Skúli kúnni fyrir hjá stefndum Einari Haraldssyni, vegna þess að hann gat ekki annast um hana svo sem þurfti. Hinn 17. maí 1950 boðar stefnandi Einar til fundar við sig í húsi Skúla Benjamínssonar, Blönduósi. Þar bjóðast stefndir til að kaupa kúna fyrir kr. 3.500,00, en stefnandi hafnaði því boði samkv. umsögn stefnds Einars og samkv. framburði viðstadds eiðfests vitnis, Garðars Stefánssonar bónda, Kúskepi, en stefnandi telur sig sjálf hafa samþykkt kaupin með þeim orðum, að auðvitað yrði Einar að kaupa kúna, það væri hið minnsta, sem hann gæti gert. Þá heldur stefndur Einar því fram, að sama dag hafi stefnandi fengið sig til viðtals í húsi Jónasar Bjarnasonar, Blönduósi, og hafi erindið verið að fá hann til að undirskrifa samning, skrifaðan af Bjarna Jónassyni, Blöndudals-hólum, sem þar var staddur, þess efnis, að hann keypti kúna af stefnanda ásamt tveimur kvígum fyrir kr. 10.000,00. Vitnið Garðar Stefánsson bar og, að sams konar tilboð hefði stefnandi borið fram

í kröfuformi í húsi Skúla Benjamínssonar. Þessu neitar stefnandi, en viðurkennir hins vegar, að hún hafi gert kröfu til þess, að Einar keypti af sér kúna og fjórar kvígur fyrir kr. 3.500,00 kúna, en kr. 2.500,00 hverja kvígu.

Í máli þessu verður fyrst að taka til meðferðar kröfur stefnanda á hendur stefndum Einari Haraldssyni. Stefndur Skúli Benjamínsson fær kúna lánaða í október, en kemur henni fyrir í desember s. á. hjá Einari. Skúli er heilsubilað gamalmenni samkv. fyrirbyggjandi læknisvottorði (rskj. nr. 18), 76 ára að aldri. Stefndur Einar telur sig hafa tekið kúna af Skúla ótiltekinn tíma samkv. áskorun hans, vegna þess að hann hafi ekki getað hirt um kúna sjálfur og engan getað fengið til þess. Hefur ekkert komið fram í málinu, sem afsanni þessa fullyrðingu eða geri hana ósennilega. Var stefnandi þá í Reykjavík og því ekki auðvelt að skila kúnni til hennar aftur. Með því að taka við kúnni og flytja hana til heimilis síns norðan Blöndu, telur stefnandi, að Einar hafi gerzt brotlegur við gildandi ákvæði um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Þetta virðist þó ekki vera rétt, heldur hitt, að samkvæmt bókstaf sömu ákvæða var óheimilt að flytja kúna aftur suður fyrir Blöndu, en í reyndinni er óhindruð samganga alls búpenings yfir Blöndubrá við Blönduós, en Miðgil er aðeins fáa kílómetra frá henni. Ekki verður séð, að stefnanda hafi verið þörf að fá kúna aftur, þar sem hún að eigin sögn hafði boðið hana til sölu og fjórar nær fullvaxta kvígur að auki, eftir verðlagningu þeirra að dæma. Virðist auðsætt, að kúna hefði eins vel mátt selja norðan Blöndu sem sunnan hennar. Svo fjarri fór því, að Einar Haraldsson héldi kúnni fyrir stefnanda, að Einar sótti á að losna við hana. Loks, er stefndir í félagi bjóðast til að kaupa kúna hinn 17. maí 1950, eins og áður segir, fyrir kr. 3.500,00, er að sögn stefnds Einars miðað við það, að hann greiddi verð fyrir hana kr. 2.500,00, en Skúli bætti við kr. 1.000,00 til að losna við frekari óþægindi og sem eins konar sáttafórn, þá neitar stefnandi því boði að sögn eiðfests vitnis. Átti stefnandi þess kost að leiða sem vitni þá Bjarna Jónasson og Ara Jónsson bílstjóra, Blönduósi, ef hún hefði talið sér það hagkvæmt, en þá menn telur hún hafa verið viðstadda, er samtalið við stefndu átti sér stað, til sönnunar því, að hún hefði samþykkt kauptilboð stefndra eða Einars Haraldssonar. En málflutningsmaður stefnanda, sem er lögfræðingur, kaus ekki þá leið, og talar það sínu máli. Í þess stað vísar hann til orðanna, sem stefnandi sjálf segist hafa viðhaft: „Auðvitað verður þú að kaupa kúna.“ En í slíkri yfirlýsingu felst ekki samþykki á kaup-tilboðinu. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi hvorki samþykkt kauptilboð stefndra, sem þeir gerðu í félagi, eða sams konar tilboð Einars Haraldssonar, hafi slíkt legið fyrir. Og ósannað er með öllu gegn neitun Einars Haraldssonar, að hann hafi síðar samþykkt að kaupa kúna.

Af þessu leiðir, að taka verður til greina kröfu stefnds Einars

Haraldssonar um sýknun í máli þessu af öllum kröfum stefnanda á hendur honum. En þar sem Einar lét undir höfuð leggjast að svara bréfum til hans frá málflutningsmönnum stefnanda, en skýring hans á málavöxtum hefði mátt leiða til þess, að mál hefði ekki verið höfðað gegn honum, þykir krafa hans um málskostnað úr hendi stefnanda eiga að falla niður.

Stefndur Skúli Benjamínsson hefur með því að ráðstafa kúnni norður yfir Blöndu orðið þess valdandi, að hann gat ekki með löglegum hætti skilað henni í hendur eiganda aftur, þar sem ekki mun hafa fengist undanþága til þess. Á það ástand, er þannig skapaðist, verður að líta hliðstætt því, að kýrin hefði misfarizt í vörzlu hans og fyrir hans tilverknað. Nú „skal láni heilu heim skila“, og ber því að dæma hann til að greiða stefnanda andvirði kýrinnar, svo sem hún gerir kröfu til, kr. 3.500,00, með hliðsjón af því, að hann átti hlut í að bjóða fram slíkt verð fyrir kúna. En af þessu framboðna verði voru kr. 1.000,00 eins konar sáttaförn, eins og áður segir, og jafnvel raunverulega meira, því að á opinberu uppbóði 6. júní þ. á. seldist kýrin aðeins á kr. 2.000,00 og meðalverð á kúm samkv. birtri verðlagsskrá, miðað við verðlag í Húnavatnssýslu 1950, var aðeins kr. 2.082,35.

Kýrin var leigð eða lánuð til vors 1950 án endurgjalds. Til vors er óákveðið tímamark, en ætla verður, að annað tveggja sé átt við 14. maí eða fardaga það vor. Þykir rétt að miða við hið fyrra tímamark, þar eð þá þegar var fyrir hendi hindrun þess, að stefnandi gæti tekið kúna aftur í sínar vörzlur, og dæma stefndan Skúla Benjamínsson til að greiða stefnanda 5% vexti af verði kýrinnar, kr. 3.500,00, frá 14. maí 1950 til greiðsludags.

Með tilliti til þess, að í verði kýrinnar, eins og það er ákveðið samkv. kröfu stefnanda, verður að teljast vera allveruleg upphæð, sem hugsuð var sem eins konar sáttagreiðsla til stefnanda, svo og alveg sérstaklega með tilliti til þess, að stefnandi hafnaði 17. maí 1950 verðtilboði fyrir kúna, hinu sama að upphæð til, er hún sækir í máli þessu á hendur stefndum, og á þannig sjálf sök á þeim kostnaði, er málssóknin hefur haft í för með sér, þá þykir rétt, að málskostnaður af hendi stefnds Skúla Benjamínssonar falli niður.

Dómsorð:

Stefndur í máli þessu Skúli Benjamínsson, Blönduósi, greiði stefnandanum, Hólmsfríði Jónsdóttur, Undirfelli, kr. 3.500,00, — þrjú þúsund og fimm hundruð krónur —, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. maí 1950 til greiðsludags.

Stefndur Einar Haraldsson, Miðgili, á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.